

Atvinnuveganefnd Alþingis
Skrifstofa Alþingis
150 Reykjavík.

Alþingi
Erindi nr. P 142/133
komudagur 24.6.2013

Grindavík 24. Júní 2013.

Erindi: Athugasemdir Landssambands Línubáta við frumvarp til laga um veiðigjald

Undirritaður f.h. stjórnar Landssambands Línubáta (LL) vilja koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við framkomið frumvarp til laga um stjórn fiskveiða:

Landssamband Línubáta fagnar framkomnu frumvarpi um veiðigjald, upphæð þess og gjalddaga, og þeirri framsýn sem framlagning þess óhjákvæmilega endurspeglar. Síðasta þing samþykkti lög um sértækt veiðigjald sem óhjákvæmilega hefði leitt til fjöldagjaldþrots hjá litlum og millistórum útgerðum, með óhjákvæmilegum fjöldauppsögnum og erfiðleikum fyrir fjöldann allan af starfsfólki þessara útgerða sem og þeim vinnslum er þær sjá fyrir hráefni. Fiskveiðar og vinnsla er undirstaða velmegunar hér á landi og ein höfuðatvinnugrein Íslendinga. Mikil umræða skekur nú þjóðfélagin vegna þessa frumvarps og undirskriftalistar ganga manna á milli til að mótmæla því. Í þessu samhengi bendir Landsamband Línubáta á að núbökuð ríkisstjórn hlaut afgerandi kosningu og góðan meirihluta atkvæða og því óhætt að fullyrða, að þeir sem nú hæst hafa eru sennilega ekki kjósendur umrædds meirihluta. Hvetur Landssamband Línubáta því meirihluta atvinnuveganefndar til að hvíka hvergi frá framlögðu frumvarpi og samþykja það í þeirri mynd sem það er framlagt.

Virðingafyllst.

f.h. Landssamband Línubáta.

Reynir Þorsteinsson – framkvæmdastjóri Landssambands Línubáta